

ORF Líftækni hf  
Víkurbvarf 7  
203 Kópavogur

Kópavogur, 19. September 2024  
Tilvísun: E48763

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: [hronna@orf.is](mailto:hronna@orf.is) & [jons@orf.is](mailto:jons@orf.is)

## Eftirlitsskýrsla

<b>Tílefni:</b> Reglubundið eftirlit	<b>Eftirlit framkvæmt:</b> 13.9.2024
<b>Starfsleyfi:</b> Gildir til 25.9.2029	<b>Starfsemi:</b> Snyrtivöruverksmiðja
<b>Aðsetur:</b> Víkurbvarf 7	<b>Kennitala:</b> 4202013540
<b>Fulltrúar fyrirtækis:</b> Hrönn Jón Otti	<b>Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits</b> Hlín Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

### Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#), reglugerð um varnir geng olíumengun frá starfsemi á landi [nr. 884/2017](#), reglugerðar um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), auk reglugerðar um fráveitur og skólp [nr. 798/1999](#).

Stuðst var við [almenn starfleyfissskýrði fyrir mengandi starfsemi](#) sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindri reglugerð og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

### Niðurstöður eftirlits

Gengið var um framleiðslusvæði og efnavörugæmslur í fylgd forsvarsmanna og úrgangsmál og efnanotkun rædd.

Í framleiðslurými er efnageymsla í lokuðum skáp og voru öryggisblöð þar aðgengileg. Í rannsóknarstofunni er efnaherbergi og efnaskápur fyrir sýrur og basa, þar voru öryggisblöð einnig aðgengileg. Í frævinnslunni eru fljótandi efni geymd á lekabyttum en önnur í hillum.

Úrgangsmál eru sameiginleg Bioeffect ehf. og á lóðinni eru gámar fyrir plast, pappír, bylgjupappa og lífrænan úrgang. Efnaúrgangur er flokkaður og sér Terra um alla sorphirðu fyrirtækisins. Kvittanir fyrir staðfestingu á förgun efnaúrgangs voru sendar í pósti þann 30. ágúst 2024.

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnýslulaga [nr. 37/1993](#) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið [hef@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hef@heilbrigdiseftirlit.is). Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafræsti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; [www.heilbrigdiseftirlit.is](http://www.heilbrigdiseftirlit.is).

Virðingarfyllt,

  
Hlín Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi.

